



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

Fundargerð

Kristbjörg Hilmarsd.
Bjarki V. Guðnason
Gíslur Vignir Skensson
Davíð Andri Agnarsson
Guðbrandur Magnússon

Fundur nr. 132 í skipulagsnefnd **Málsnr. 1701005** haldinn á Kirkjubæjarstofu

Kirkjubæjarklaustri, þriðjudaginn 7. nóvember 2017 klukkan 15:00.

Mætt eru til fundar Kristbjörg Hilmarsdóttir formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Davíð Andri Agnarsson og Bjarki Guðnason ásamt Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra sem jafnframt ritar fundargerð. Jóhannes Gissurarson boðar forföll í hans stað er Guðmundur Vignir Steinsson. Margrét Ólafsdóttir frá Landmótun situr fjarfund í gegnum skype.

1. 1706011 Íþróttavöllur á Kirkjubæjarklaustri

Æskulýðs- og íþróttanefnd fjallaði um framtíðarstaðsetningu á íþróttavelli á 69. fundi sínum þann 25. maí sl. þar sem því var beint til sveitarstjórnar að huga að því að stækka fyrirhugaðan reit undir íþróttavöll á Klaustri sem ekki væri nægilega stór til að rúma löglegan fótboltavöll. Sveitarstjórn fól skipulagsnefnd á 410. fundi sínum þann 21. júní sl. að vinna málið áfram.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að skoða kosti fyrir hentugt svæði fyrir íþróttavöll.

2. 1711003 Umsókn um stofnun lóðar í landi Keldunúps landnúmer 163392

Rúnar Þorri Guðnason kt. 121187-3379 sækir um stofnun 6248m² lóðar í landi Keldunúps landnr. 163392.

Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu

3. 1606004 Breyting á deiliskipulagi í landi Efri-Víkur

Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi sem snýr að legu aðkomuvegar að Selhólavegi 6.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. gr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og senda til Sólhólavegar 3 5, 7, 9, 10 og 12, Sauðagötu 1 og til Vegagerðarinnar.

4. 1612005 Breyting á deiliskipulagi Skaftárvalla

Breytingin snýr að stærð lóða Skaftárvalla 28 og 30 í deiliskipulagi Skaftárvalla.

Lóðin var áður parhúsaloð en er nú raðhúsaloð. Lóðin Skaftárvellir 30 minnkar að sama skapi úr 1431m² í 1286m².

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. gr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

5. 1711005 Breyting á deiliskipulagi Geirlands

Frestað til næsta fundar skipulagsnefndar þar sem gögn til afgreiðslu liggja ekki fyrir.

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fund slitið kl. 15:40